

Jökull Bergmann Þórarinsson  
Svarfaðarbraut 1  
621 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

15.mars 2017  
UST201701-194/A.H.  
09.07.01

### Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Glerárdalur

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Bergmanna ehf. dags. 18.01.2017, vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi innan fólkvangsins á Glerárdal. Sótt er um leyfi til að nota þyrlur til að flytja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals þaðan sem þeir skíða niður á dalsbotninn og eru þangað sóttir á sömu þyrlu og fluttu þá á tindana. Sótt er um leyfi fyrir þyrlufluginu á tímabilinu 1. febrúar til 30. júní ár hvert.

Samkvæmt 5.gr. auglýsingar um fólkvanginn í Glerárdal er umferð loftfara (t.d. þyrluflug) sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

#### Lýsing:

Bergmenn ehf. hafa undanfarin tíu ár starfrækt þyrluskiðaferðir á Tröllaskaga og hafa þar á meðal nýtt Glerárdal undir þá starfsemi. Glerárdalur er þó í útjaðri þess svæðis sem alla jafna er skíðað á og hefur aðallega verið nýttur í skíðaferðir frá Akureyrarflugvelli og í þeim tilfellum þegar veður og aðstæður leyfa ekki að skíðað sé annarsstaðar. Sótt er um leyfi til að fljúga þyrlum í fólkvanginum í allt að 30 daga á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. júní ár hvert. Ekki er hægt að skipuleggja fyrirfram hvenær farið verður á Glerárdal, ákvarðanir um áfangastað eru teknar að morgni hvers dags þegar farið hefur verið yfir veðurspár, snjóathuganir og áhættumat. Eftirfarandi er lýsing á álagspunktum í starfsemi Bergmanna ehf:

- Upphaf þyrluskiðavertíðar á Tröllaskaga er í lok febrúar eða byrjun mars ár hvert.
- Mars telst til lágvertíðar og þá eru að öllu jafnan ein til tvær þyrlur á svæðinu.
- Þegar líða tekur á mars aukast umsvifin og í marslok hefst þeirra aðal vertíð sem varir til seinni hluta maí. Á því tímabili má gera ráð fyrir að þrjár þyrlur séu á Tröllaskaga flesta daga og að sú fjórða bætist inn viku og viku.
- Í lok maí eru þyrlur aftur orðnar tvær og eru svo ein til tvær til um 20. júní.

Það má því leiða að því líkum að í apríl og maí séu mestar líkur á því að farið verði í ferðir á Glerárdal en færri ferðir verði farnar þangað í febrúar, mars og júní.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að þyrluflug innan fólkvangsins hafi í för með sér nokkra truflun fyrir aðra gesti svæðisins. Hávaðaaukning vegna þyrluflugsins getur samkvæmt áætlunum varað í allt frá nokkrum mínútum upp í fjórar klukkustundir í hvert skipti. Markmið friðlýsingarinnar á Glerárdal er að vernda svæðið til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðun og fræðslu. Af tilliti við aðra útivistarhópa leggur Umhverfisstofnun til að þyrluflug verði ekki heimilt á sunnudögum. Ólíklegt þykir að starfsemin hafi neikvæð áhrif á gróður eða fuglalíf. Skráð varp heiðargæsar á Glerárdal er til að mynda neðan við það svæði sem mögulega verður nýtt til þyrluskiðaferða.


Akureyrarbær, umsjónaraðili fólkvangsins, mælir með að leyfið verði veitt til eins árs með þeim fyrirvara að farið verði eftir reglugerðum er gilda um vatnsverndarsvæði.


**Niðurstaða:**

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti að Bergmenn ehf. stundi þyrluflug í þágu skíðamennsku í Glerárdal á tímabilinu 15. mars til 30. júní 2017 með eftirfarandi skilyrðum:

- Þyrluflug er ekki heimilt á Glerárdal á sunnudögum.
- Leggja skal áherslu á að takmarka ónæði sem aðrir gestir verða fyrir, meðal annars með að fljúga ekki upp á fjallstinda þar sem annarra skíða- eða gönguhópa verður vart.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar um dagsetningar og fjölda ferða og þyrla á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Arna Hjörleifsdóttir  
sérfræðingur